

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Viðauki.**Heimilaðar innlendar og erlendar lántökur hins opinbera 1993.**

Í milljónum króna	Innlend lántaka	Erlend lántaka	Heildar- lántökur
Ríkissjóður Íslands	10.300	5.670	15.970
Landsvirkjun	-	7.750	7.750
Byggingarsjóður ríkisins	3.860	-	3.860
Byggingarsjóður verkamanna	6.870	-	6.870
Húsbrefadeild Byggingarsjóðs ríkisins	8.000	-	8.000
Stofnlánadeild landbúnaðarins	400	300	700
Byggðastofnun	100	550	650
Iðnlánasjóður	100	2.500	2.600
Iðnþróunarsjóður	100	600	700
Ferðamálasjóður	-	130	130
Vatnsleysustrandarhreppur	-	55	55
Bæjarveitur Vestmannaeyja	-	16	16
Norræni fjárfestingarbankinn	-	22	22
Póst- og símamálastofnun	-	1.280	1.280
Samtals	29.730	18.873	48.603

*Gjört í Reykjavík, 21. janúar 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 49/1991, um grunnskóla,
sbr. og lög nr. 1/1992.****FORSETI ÍSLANDS***gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin ákvæði laganna skulu ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1993 og ekki á skólaárinu 1993–1994:

a. 3. mgr. 4. gr.

b. 1. og 6. mgr. 46. gr.

2. gr.

Á eftir orðunum „1992–1993“ í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: og skólaárið 1993–1994.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur G. Einarsson.

LÖG

**um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu
á búvörum, nr. 46 27. júní 1985, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr stafliður (er verður G-liður), svohljóðandi:

Fram til 1. september 1993 getur landbúnaðarráðherra, þrátt fyrir ákvæði 4. málsl. 20. gr., heimilað innheimtu verðskerðingargjalds, enda liggja fyrir ósk um það frá stjórn Stéttarsambands bænda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. janúar 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.